AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagi íbúðarhverfis í Skildinganesi í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 24. október 1990, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingar á skipulagsskilmálum samkvæmt áður staðfestu deiliskipulagi í Skildinganesi á reit sem markast af Einarsnesi og Bauganesi til norðausturs, Skeljanesi til suðausturs og strandlengjunni frá suðri til norðurs.

Eftir breytingarnar verða skipulagsskilmálarnir sem hér segir:

1. Lóðir: Á óbyggðum lóðum á staðgreinireitum 1.671, 1.674, 1.675, 1.676, skulu rísa einnar hæðar íbúðarhús. Á lóðinni nr. 10 við Skildinganes má reisa 1½–2 hæða íbúðarhús, enda fellt inn í götumynd.

2. Aukaíbúð: Auk aðalíbúðar er leyfilegt að hafa allt að 70 m² aukaíbúð eða stærð sem nemur allt að ¼ af heildarstærð húss.

3. Stærð húsa: Staðsetja skal hús innan marka sem mæliblað sýnir. Þar sem aðstæður leyfa má stalla hús á helmingi grunnflatar þess, fjær götu, þó þannig að mænishæð húss nær götu sé í samræmi við 5. gr. Stöllun má nýta á tveimur hæðum innan leyfilegrar mænishæðar sbr. 2. mgr. 5. gr., á helmingi grunnflatar húss, fjær götu.

4. Hæðarblað: Hæðarafsetning aðalgólfplötu er sýnd á hæðarblaði og skal hún að öllu jöfnu, gilda um þann hluta húss sem næstur er götu +/– 15 cm. Afsetningu þessari má breyta að því er varðar bakhluta húss, til hækkunar eða lækkunar eftir því sem jarðhalli gefur tilefni til. Ef í ljós kemur að hæðarblað er ekki í samræmi við raunverulega hæðarafsetningu lagna og götu skal haft samráð við Borgarskipulag Reykjavíkur um breytingu umfram fyrrnefndan leyfilegan mismun.

5. Hæð húsa: Mesta hæð mænis þess hluta húss sem liggur að götu er 4,4 m á einnar hæðar húsum, 5,7 m á einnar og hálfs hæðar húsum og 6,8 m í tveggja hæða húsum. Mesta hæð mænis þess hluta húss sem er stallaður er 5,7 m miðað við götukóta.

6. Bifreiðageymsla: Bifreiðageymsla skal að jafnaði vera í húsinu. Leyfilegt er þó að staðsetja hana við hús, eða fram úr því, þar sem svo er sýnt á mæliblaði.

7. Bílastæði: Gera skal ráð fyrir 2 bílastæðum á hverja íbúð. Fyrir íbúð minni en 60 m², þarf að gera ráð fyrir einu bílastæði.

8. Afmörkun lóðar: Lóðir skal að jafnaði afmarka með limgirðingu, en heimilt er að girða lóðir með götu og er sú girðing háð samþykki byggingarnefndar. Ef lóðareigandi óskar að girða á annan hátt, skal hann gera grein fyrir þeirri girðingu á byggingarnefndaruppdrætti.

9. Gatnagerðargjald: Um gatnagerðargjald fer skv. gildandi gjaldskrá.

10. Stofnanir: Lóðareigendur skulu hlíta skilyrðum Rafmagnsveitu, Hitaveitu og Vatnsveitu um inntaksstað, svo og öðru því sem þessar stofnanir mæla fyrir um.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1990.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.